



**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið,
Skuggasundi 1,
150 Reykjavík.**

Málefni: Athugasemdir við drög að lögum um Þjóðgarðastofnun.

Almennt:

Það að reyna að koma skipulagi á umsjón með friðuð svæði er gott mál, en það verður að vanda til verka og þetta frumvarp þarf að fá mun lengri og betur ígrundaða meðgöngu. Hér virðist reynt að steypa saman alls kyns gömlum lögum og reglugerðum, með misjöfnum árangri. Ekki virðist tekið tillit til þess að reynslan er sú að sum ákvæði, sem eru út í hött, hafa ekki verið framkvæmd í praxis. Einnig þarf að hafa í huga að stefnt er að nýjum þjóðgarði sem ná yfir allt hálendið, Miðhálandisþjóðgarði eða MHP.

Sú aðferð að setja lög, þar sem útfærsla byggir á að „ráðherra setur reglugerð“ er eins og að láta ráðherra fá óútfylltan tékka. Okkur telst svo til að 46 sinnum sé vísað til reglugerðar í frumvarpstextanum. Hámarkið er þetta:

„Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um réttaráhrif stjórnunar- og verndaráætlunar.“

Stjórnkerfið er flókið og valdmörk virðast oft ekki ljós. Í ljósi reynslunnar af Vatnajökulspjóðgarði er ljóst að slíkt þarf að vera alveg skýrt. Sér í lagi virðist valdsvið umdæmisráða vera í reglugerðapöku og samband þeirra og svæðisráða Stjórnunar- og verndaráætlun vera óljóst. Samanber 21. grein : *„Heimilt er með reglugerð að ákveða að umdæmisráð, sbr. 13. gr., gegni einnig hlutverki svæðisráðs og skulu þá þrír fulltrúar sveitarstjórna í svæðisráði tilnefndir sameiginlega af þeim sveitarfélögum sem eru innan viðkomandi umdæmis.“*

Ef umdæmisráð gegnir hlutverki svæðisráðs er ekkert svæðisráð starfandi. Hvers vegna er þá ákvæði um skipan svæðisráðs?

Í ljósi reynslunnar af Vatnajökulspjóðgarði krefjumst við þess að áheyrnarfulltrúarnir verði gerðir að fullgildum fulltrúum, eða a.m.k. að það sé kveðið með afdráttarlausum hætti á um réttindi þeirra, svo ósvífnir stjórnarformenn geti ekki reynt að þagga niður í þeim. Annað sem verður að fara inn er að þannig verði frá hnútum gengið, að stjórn þjóðgarðs geti ekki bannað fulltrúum félagasamtaka að ræða við bakland sitt um það sem fram fer í stjórn þjóðgarðsins.

Einstakar greinar:

29. grein segir: *„Sveitarstjórnir eru bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana“*. Hér er verið að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögunum á öllu miðhálandi Íslands, verði Miðhálandisþjóðgarðurinn að veruleika.

31. grein þarfnast algerrar yfirhalningar. Fyrst er starfsmönnum gefið lögregluvald, hvort sem fyrirmæli þeirra byggja á lögum eða ekki, með viðurlögum allt að tveggja ára fangelsi (40. grein).



Reglur um umferð er sett í reglugerð en ætti e.t.v. frekar við í stjórnunar- og verndaráætlun, eins og vegakerfi þjóðgarðs.

Allur akstur utan vega er bannaður, án þeirra undantekninga sem eru í náttúruverndarlögum. Lendi ferðamaður t.d. í óhappi utan vega mega björgunarsveitir ekki aka til hans og Gæslan verður að fá sérstakt leyfi þjóðgarðsvarðar til að mega lenda. Bændur mega ekki fara út fyrir vegi við smalamennsku og svo framvegis. Einhvers konar bót er svo reynt að klína á fatið með því sumir megi keyra suma vegi stundum, þó ekki björgunarsveitir og lögregla, en slíkt er ófullnægjandi. Rannsakendur komast þá ekki heldur að nýjum náttúruhamförum.

Akstur vélknúinna farartækja innan Vatnajökulsþjóðgarðs er leyfður með upptalningu á þeim vegum (slóðum) sem leyft er að aka. Með algjöru banni við akstri utan vega vanar að skilgreina vegi innan annarra þjóðgarða. Að óbreyttu er aktur inna Þingvallarþjóðgarði og þjóðgarðinum Snæfellsjökli þar sem engir vegir eru skilgreindir innan þeirra svæða.

Síðan birtist draugurinn „vetraraksturssvæði“. Ákvæði um þau verða að fara út! Vetrarakstur á að vera leyfður samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga, og síðan má setja akstursbann á ákveðin svæði, sé þörf á. Þetta snýst um hvort allt eigi að vera bannað, nema það sé leyft sérstaklega, eða hvort grunnafstaðan er að leyfa og setja sérstakt bann þar sem þörf er á. Munum þarf eftir áformum um MHP.

Við gildistöku laganna 2020 yrði skv. þessu frumvarpi allur akstur á snjó bannaður í þjóðgördum nema á skilgreindum snjóaksturssvæðum. Í bráðabirgðaákvæðum kemur í ljós að ekki er gert ráð fyrir að nýjar stjórnunar- og verndaráætlanir verði fyrirbyggjandi við gildistöku og núverandi stjórnunar- og verndaráætlun gildi áfram. Í núverandi stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs eru engin skilgreind snjóaksturssvæði og heldur ekki í verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Á Þingvöllum virðist ekki gert ráð fyrir neinni slíkri áætlun. Afleiðingin verður því sú, að allur akstur á snjó í þjóðgördum verður bannaður við gildistöku laganna.

33. grein. *„Óheimilt er að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarði án samnings um slíka starfsemi við þjóðgarðastofnun.“* Þetta þýðir að með tilkomu MHP verður allur upprekstur á afréttir bannaður, nema fyrir liggja atvinnusamningur bóndans við þjóðgarðastofnun.

34. grein Hvað þýðir þetta? *„Ákvæði laga þessara um leyfisveitingar ganga framar ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.“*

36. grein. Þjóðgarðastofnun rekur þjóðgarðana og hefur eftirlit með að þar sé farið að lögum? Lögregluvaldið aftur: *„Þjóðgarðsverði og öðrum starfsmönnum þjóðgarðs er heimilt að vísa úr þjóðgarðinum hverjum þeim sem brýtur ákvæði laga þessara og reglugerðar um viðkomandi þjóðgarð“*

37. grein. Um kærur og kærurétt. *„Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Samtök skv. 2. og 3. málsl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.“*

Sem segir að Útivistarsamtök eru ekki útivistarsamtök, nema að þau hafi umhverfisvernd sem markmið. Skilyrðið um ársskýrsluna er líka mjög sérkennilegt, ef þessi regla gildi t.d. um Vatnajökulsþjóðgarð mætti hann ekki gera athugasemdir.



39. grein. Hér er farið inn á þá braut að taka gjöld fyrir allt. Ekki nóg með að tekin séu gjöld fyrir veitta þjónustu, heldur á að taka gjald fyrir veru í þjóðgarðinum. Sá sem ekur norður Sprengisand á því að greiða Vatnajökulsþjóðgarði dagsgjald fyrir að aka veg sem Vegagerðin á gegnum hornið við Tungnafellsjökul.

41. grein. Um gildi laga- eða reglugerðartexta þjóðgarðsins Snæfellsjökul er ekkert fjallað eins og lög um Þingvalla- og Vatnajökulsþjóðgarða eiga að falla úr gildi með lögum um þjóðgarðastofnun. Hvað veldur??

Ekkert er fjallað um réttarstöðu þeirra sem eiga hús innan þjóðgarða. Með „yfirvofu“ MHP fara það að verða ansi margir aðilar, ekki bara ferðafélög. Er stefna fráfarandi stjórnarformanns VJÞ, um að þjóðgarðurinn eigi að eiga allar byggingar í garðinum fyrir bý, eða á hún að koma fram af fullum þunga í nýjum stjórnunar- og verndaráætlunum?

Akureyri, 5. september 2018,

f.h. Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar F4x4.

Björn Jóhannsson, kt. 081252-7348